

Fiskeldi Austfjarða hf.
Nesbala 122
170 Seltjarnarnes

Egilsstaðir, 15.12.2023
UST202302-152/F.Æ.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 17.10.2023 - Fiskeldi Austfjarða, Þorlákshöfn

Þann 17. október sl. fór fram eftirlit í fiskeldisstöð Fiskeldis Austfjarða hf., Þorlákshöfn. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitskýrsla.

Ekkert eldra frávik var opið þegar eftirlitið fór fram.

Sex ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Tryggja þarf að allar upplýsingar sem tilgreindar eru í starfsleyfi, fylgi ársyfirliti.
2. Skila skal útstreymisbókhaldi sérstaklega, ekki sameiginlega með öðrum skýrslum.
3. Huga þarf að nákvæmni mælinga á efnainnihaldi frárennslisvatns.
4. Tryggt þarf að vera að stöðin sé ávallt með gilda tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda.
5. Öryggisblöð skulu vera tiltæk alls staðar þar sem efni eru annað hvort geymd eða notuð.
6. Huga þarf betur að lekavörnum í efnageymslu, en rekstraraðili áformar að gera endurbætur á lekavörnum og verða þær teknar út í næsta eftirliti.

Þrjú frávik komu fram er varða:

1. Gr. 4.5 í starfsleyfi. Umhverfisupplýsingum (grænu bókhaldi) var skilað eftir að frestur til þess rann út. **Frávikinu er lokað.**
2. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Ársyfirliti var skilað eftir að frestur til þess rann út. **Frávikinu er lokað.**
3. 2. mgr. laga nr. 990/2008 um útstreymisbókhald. Útstreymisbókhaldi var skilað eftir að frestur til þess rann út. **Frávikinu er lokað.**

Virðingarfyllst

Freyr Ævarsson
sérfræðingur

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur